# FRAMLEIÐSLA Í ÍSLENSKU FISKELDI
# ÁRIÐ 1994

**Stefán Eiríkur Stefánsson**

**Reykjavík, mars 1995 VMST-R/95003**

## SAMANTEKT

Á skrá hjá Veiðimálastofnun eru 64 fyrirtæki með 69 fiskeldis- og hafbeitarstöðvar og hafði þeim fækkað um sex milli ára. Framleidd voru um 5.418 mill. gönguseiði á árinu 1994, þar af fóru 3.989 þús. gönguseiði til sleppingar í hafbeit en 1.137 þús. í áframeldi og 292 þús. í fiskrækt að verðmæti 34,5 milljónir. Birgðir af lifandi laxi í áframeldi , voru í árslok 1994 1.769 tonn. Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar slátruðu 2.896 tonnum af laxi (óslægðum) á árinu 1994.

Af silungi voru framleidd 1.329 þús. gönguseiði. Framleiðsla af slátruðum silungi (óslægðum) á árinu 1994 var 575 tonn, mest var slátrað af bleikju eða 388 tonnum, 162 tonnum af regnbogasilungi og 24 tonnum af urriða.

Verðmæti útfluttra fiskeldisafurða á árinu 1994 var 850 milljónir, en flutt voru út 2.328,7 tonn af laxi og silungi. Á innanlandsmarkað fóru u.þ.b. 839 tonn af laxi og silungi að verðmæti um 265,1 milljónir króna. Heildarverðmæti seldra fiskeldisafurða var um **1.150** millj. á árinu 1994. Störf í fiskeldi svöruðu til 164,5 mannára og liggja u.þ.b. **5,2 milljónir** í útflutningstekjur að baki hverju starfi.

Á árinu 1995 er áætlað að framleidd verði 2.660 tonn af laxi til slátrunar í eldisstöðvum. Áætlað er að um 500 tonn endurheimtist úr hafbeit og að slátrað verði um 920 tonnum af silungi. Heildarframleiðsla gönguseiða laxa er áætluð um 5,6 milljón seiði á árinu 1995. Af þeim fjölda er ráðgert að sleppa í hafbeit um 3,6 milljónum gönguseiða.

Milli áranna 1993-1994 var 108% bati í framleiðni sem er mælikvarði á vægi framleiddra seiða og slátraðra fiska.

Framleiðsla af slátruðum eldisafurðum (óslægt) síðustu sex árin, ásamt áætlaðri framleiðslu á árinu 1995.

| | **1989** | **1990** | **1991** | **1992** | **1993** | **1994** | ***Áætlun 1995*** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hafbeit | 136 tonn | 280 tonn | 345 tonn | 460 tonn | 496 tonn | 308 tonn | 499 tonn |
| Strand- og landeldi | 774 tonn | 1.739 tonn | 1.195 tonn | 1.413 tonn | 1.621 tonn | 1.830 tonn | 1.900 tonn |
| Kvía-og fareldi | 706 tonn | 977 tonn | 1.490 tonn | 712 tonn | 727 tonn | 758 tonn | 760 tonn |
| Regnbogas. | 150 tonn | 24 tonn | 65 tonn | 73 tonn | 221 tonn | 162 tonn | 440 tonn |
| Bleikja | 10 tonn | 69 tonn | 217 tonn | 321 tonn | 340 tonn | 388 tonn | 470 tonn |
| Urriði | 37 tonn | 20 tonn | 25 tonn | 5 tonn | 5 tonn | 24 tonn | 10 tonn |
| Samtals | 1.813 tonn | 3.109 tonn | 3.337 tonn | 2.984 tonn | 3.410 tonn | 3.470 tonn | 4.079 tonn |

Efnisyfirlit

bls.

1. Inngangur....1
2. Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar....1
3. Framleiðslan 1994....2
3.1 Laxeldi....2
3.2 Silungseldi....4
3.3 Framleiðsla eldisstöðva til fiskræktar á árinu 1994....5
3.4 Mælikvarði á framleiðni í áframeldi laxa 1994....5
4. Annað eldi....6
5. Atvinnutækifæri í fiskeldi....6
6. Eldisrými fiskeldisstöðva á árinu 1994....7
7. Útflutnings- og innanlandssala á eldisafurðum....8
8. Birgðir af lifandi fiski....9
9. Heildarframleiðsla fiskeldisstöðva árið 1994 og áætluð framleiðsla af sláturfiski á árinu 1995....10
Viðaukar.

## 1. INNGANGUR

Í þessu upplýsingariti Veiðimálastofnunar er fjallað um framleiðslu í fiskeldi og hafbeit árið 1994. Meðal efnis er ítarleg greinargerð um hlut einstakra eldisgreina í framleiðslunni. Yfirlit er gefið yfir fjölda starfa í fiskeldi ásamt eldisrými, útflutning- og innanlandssölu, mælikvarða í áframeldi og óhefðbundnar eldistegundir. Fjallað er um verðmæti seldra afurða, birgðastöðu um áramótin 1994-1995 og áætlað framleiðslumagn í íslensku fiskeldi 1995. Að síðustu eru veittar almennar upplýsingar um fiskeldisfyrirtæki í landinu. Allar framleiðslutölur í skýrslunni eru gefnar upp sem óslægðar afurðir, nema annað sé tilgreint.

Allar upplýsingar sem hér eru birtar um framleiðslu í íslensku fiskeldi eru fengnar frá forsvarsmönnum fiskeldisstöðvanna og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

## 2. FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVAR

Á skrá hjá Veiðimálastofnun voru um áramótin 1994-1995 alls 64 fyrirtæki með 69 fiskeldisstöðvar. Með skráðum stöðvum er átt við stöðvar, sem voru í rekstri um áramót 1994-1995. Við mat á fjölda stöðva er notast við landfræðilegar forsendur. Það er að segja að fiskeldisstöðvar sem eru með fiskeldi eða hafbeit á þrem vel landfræðilega aðskildum stöðum flokkast sem þrjár stöðvar og fiskeldisfyrirtæki með seiðaeldi, strandeldi og hafbeit á sama stað flokkast sem ein stöð. Fiskeldisrekstur breyttist lítið á árinu 1994, fækkun varð um sex stöðvar á milli ára. Eftirfarandi eldisaðferðir eru notaðar hér á landi: seiðaeldi lax og silungs, land- og strandeldi, kvía- og fareldi, og hafbeit. Upplýsingar varðandi eldisaðferðir og tegundir í eldisstöðvum eru gerð skil í Viðauka 3. Tilraunastöðvar í fiskeldi voru 9, af þeim voru fimm stöðvar með tilraunaeldi á sjávarfiskum.

## 3. FRAMLEIÐSLAN 1994

### 3.1 Laxeldi

Á árinu 1994 framleiddu 27 fiskeldis- og hafbeitastöðvar samtals 5.418 þús. gönguseiði en gönguseiðaframleiðslan 1993 var 5.948 þús. stk. Árið 1994 fóru 1.137 þús. gönguseiði í áframeldi en 3.990 þús. gönguseiði í hafbeit (Myndir 1 og 3). Á árinu 1994 slátruðu 21 fiskeldis- og hafbeitarstöð 2.896 tonnum af laxi en árið 1993 var slátrað 2.844 tonnum af laxi. Aukning í framleiðslu af slátruðum laxi varð því 1,8 % árið 1994 miðað við árið áður. Í sölu- og framleiðslutölum er ekki gert ráð fyrir rýrnun vegna slægingar. Í árslok 1994 voru birgðir u.þ.b 1.769 tonn af lifandi laxi í eldisstöðvum. Út frá birgðum og áætluðu framleiðslumagni kvía- og landeldisstöðva, er reiknað með að slátrað verði um 2.660 tonnum af eldislaxi á árinu 1995 og endurheimtur í hafbeit verði um 500 tonn miðað við 4 % endurheimtur.

<u>HAFBEIT:</u> Sjö hafbeitarstöðvar endurheimtu 73.302 stk. af 1 árs laxi og 15.923 stk. af 2 árs laxi úr sjó sumarið 1994. Sex hafbeitarstöðvar slepptu 3.989 þús. laxaseiðum í hafbeit sumarið 1994, sem er u.þ.b. 336 þús. seiðum meira en árinu áður (Mynd 1). Meðaltals-endurheimtur á hafbeitarlaxi voru 2% af 1 árs laxi og 0,3% af 2 árs laxi sumarið 1994. Hafbeitarstöðvar endurheimtu 496 tonn af laxi árið 1993 en 308 tonn árið 1994 sem er um 38 % minnkun í tonnum milli ára. Áætlað er að endurheimtist u.þ.b. 499 tonn af laxi úr hafbeit á árinu 1995 (Mynd 2). Við útreikning á áætluðum heimtum í hafbeit er reiknað með 4% heimtum af 1 árs laxi (2,7 kg) og 0,3% heimtur af laxi sem kemur eftir tvö ár úr sjó (6,2 kg). Meðalþyngd á 1 árs laxi úr hafbeit árið 1993 var 2,53 kg en 2,85 kg árið 1994. Meðalþyngd á 2 árs laxi hækkaði úr 5,9 kg árið 1993 í 6,2 kg árið 1994.




Mynd 1. Fjöldi gönguseiða (í þús) sleppt í hafbeit síðustu 8 árin ásamt áætlaðri sleppingu árið 1995.




Mynd 2. Endurheimtur af hafbeitarlaxi ( í tonnum ) síðustu 8 árin ásamt áætluðum endurheimtum árið 1995

STRAND- OG LANDELDI: Slátraður lax frá strand- og landeldisstöðvum á árinu 1994 var 1.830 tonn og stóðu 7 stöðvar að þessari framleiðslu en árið 1993 slátruðu 5 stöðvar 1.621 tonnum. Framleiðsla strand- og landeldisstöðva hefur aukist um 12,9 % milli ára (Mynd 4). Birgðastaða strand- og landeldisstöðva í árslok 1994 voru um 1.209 tonn af lifandi laxi. Út frá birgðastöðu af lifandi fiski um áramót og áætluðum sláturtölum fiskeldismanna, má gera ráð fyrir að slátrað verði u.þ.b. 1.900 tonnum af laxi á árinu 1995 sem er lítilsháttar aukning miðað við síðasta ár.




Mynd 3. Fjöldi gönguseiða (í þús) sem sett voru í matfiskeldi síðustu 8 árin ásamt áætluðum fjölda seiða sem fara í matfiskeldi á árinu 1995.

<u>KVÍA- OG FARELDI:</u> 6 kvía- og fareldisstöðvar slátruðu 758 tonnum af laxi árið 1994, en árið 1993 slátruðu 7 stöðvar 727 tonnum af laxi. Aukning varð um 4,3 % í framleiðslu í kvía- og fareldi árið 1994 miðað við árið 1993 (Mynd 4). Út frá birgðastöðu og áætluðum sláturtölum fiskeldismanna er reiknað með að um 760 tonnum verði slátrað úr kvía- og fareldisstöðvum á árinu 1995. Birgðastaða í árslok 1994 í kvía- og fareldisstöðvum voru 560 tonn af lifandi laxi.




Mynd 4. Framleiðsla ( í tonnum) af slátruðum laxi frá matfiskeldisstöðvum síðustu 8 árin ásamt áætluðu sláturmagni árið 1995.

### 3.2 Silungseldi

Á árinu 1994 voru 47 fiskeldisstöðvar með framleiðslu á silungi sem er aukning um 2 stöðvar milli ára. Þar af voru 9 stöðvar með regnbogasilung, 44 stöðvar með bleikju og 8 stöðvar með urriða. Í slátur- og framleiðslutölum er ekki gert ráð fyrir rýrnun vegna slægingar (þ.e.a.s. um óslægðan fisk að ræða). Fiskeldisstöðvar slátruðu 575 tonnum af silungi á árinu 1994 sem er um 1,5 % aukning milli ára. Út frá birgðastöðu og áætlaðri framleiðslu fiskeldisstöðva má gera má ráð fyrir að slátrað verði um 920 tonnum af silungi á árinu 1995. Af silungi voru framleidd 1.329 þús. gönguseiði á árinu 1994 sem er um 14,2 % aukning milli ára.

<u>ELDI Á BLEIKJU</u>: Á árinu 1994 slátruðu 39 bleikjueldisstöðvar 388 tonni af bleikju (óslægður fiskur) sem er um 14,1% aukning frá árinu 1993 en þá slátruðu 27 eldisstöðvar 340 tonnum af óslægðri bleikju (Mynd 5). Eldisstöðvar með framleiðslu á bleikjuseiðum voru 27 á árinu 1994. Birgðastaða af lifandi bleikju í eldisstöðvum í árslok 1994 var um 330 tonn. Út frá birgðastöðu í árslok 1994 og áætluðu sláturmagni eldisstöðva er reiknað með að framleiðslan árið 1995 verði u.þ.b. 470 tonn af óslægðri bleikju.




Mynd 5. Heildarmagn af slátraðri bleikju (í tonnum) síðustu 8 árin ásamt áætluðu sláturmagni á árinu 1995

<u>ELDI Á REGNBOGASILUNGI OG URRIÐA:</u> Á árinu 1994 slátruðu 4 land- og strandeldisstöðvar 162 tonnum af regnboga sem er 26,5% minna magn en á árinu 1993.(Mynd 6). Þrjár stöðvar slátruðu 24 tonnum af urriða á árinu 1994 sem er umtalsverð aukning frá fyrra ári. Á árinu 1994 framleiddu 6 stöðvar regnbogasilungsseiði og 7 stöðvar urriðaseiði. Gera má ráð fyrir að framleiðsla á slátruðum urriða minnki verulega á árinu 1995 en að mikil aukning verði á slátruðum regnbogasilungi. Birgðastaðan um áramótin 1994-95, var um 451 tonn af regnbogasilungi en um 11 tonn af urriða. Út frá áætluðum sláturtölum frá eldisstöðvum og birgðastöðu má gera ráð fyrir að slátrað verði u.þ.b. 440 tonnum af regnbogasilungi og 10 tonnum af urriða á árinu 1994.




Mynd 6. Heildarmagn af slátruðum regnbogasilungi síðustu 8 árin ásamt áætluðu sláturmagni á árinu 1995

### 3.3 Framleiðsla eldisstöðva til fiskræktar á árinu 1994

Á síðustu árum hefur fiskrækt vaxið töluvert ef miðað er við meðaltal síðustu áratuga. Verðmætum varið í seiðakaup til fiskræktarsleppinga fyrir árin 1970-1990 var að meðaltali um 23-24 milljónir á ári. (heimild: Sigurður M. Einarsson o.fl.). Áætluð verðmæti veiðifélaga til fiskræktar á árinu 1994, til kaupa á seiðum til sleppingar í ár og vötn eru u.þ.b. 34,5 milljónir (Tafla 1). Gera má ráð fyrir að gönguseiði sé rúmlega helmingur af verðmætum seiðasleppinga en á síðustu árum hafa gönguseiðasleppingar vaxið ásamt sumaröldum seiðum. Ástæða aukinna sleppinga á gönguseiðum sumarið 1994 má m.a. rekja til minni laxgengdar á árunum 1989-1992 og erfiðleika í veiðileyfasölu.

**Tafla 1.** Heildarmagn seldra afurða frá eldisstöðvum í fiskrækt á árinu 1994.

| | Lax | Urriði |
|---|---|---|
| **Kviðpokaseiði** | 259.000 stk | 75.000 stk |
| **Sumaralin seiði** | 498.157 stk | 32.000 stk |
| **Smáseiði** | 87.500 stk | |
| **Gönguseiði** | 292.125 stk | 4.500 stk |
| **Stórseiði** | 4.500 stk | 6.000 stk |

### 3.4 Mælikvarði á framleiðni í áframeldi laxa 1994

Framleiðsla í áframeldi laxa er hér skoðuð í ljósi þess hve miklar seldar afurðir fengust af þeim seiðum sem fóru í áframeldi tveimur árum áður. Þessi mælikvarði, sem gengur út frá ráðandi framleiðsluferlum, gefur möguleika á einföldum samanburði á framleiðni laxeldis á milli ára. Árið 1994 seldu strand- og kvíaeldisstöðvar 2.588 tonn af laxi. Að baki þessari framleiðslu standa um 1.314 þús. laxaseiði sem framleidd voru til áframeldis á árinu 1992. Samkvæmt þessum tölum liggja 1.970 gr. að baki hverju seiði árið 1994 en árið 1993 lágu 947 gr. að baki hverju seiði, þetta er því um **108 %** bati milli ára.
Gott jafnvægi er að nást í framleiðslu á seiðum og eldislaxi. Verulegur árangur hefur náðst í sjúkdómsvörnum sem leiðir til þess að afföll verða lægri í eldi. Eldismenn eru farnir að framleiða markvist það magn af seiðum sem þeir þurfa miðað við ákveðna framleiðslu. Með betri stýringu á seiðaframleiðslu næst aukin framleiðni því óþarfa seiðaframleiðsla þarf mikið rými, vatnsmagn auk kostnaðar og áhættu sem engin þörf er á í eldi.

## 4. ANNAÐ ELDI

**Þorskur:** Á árinu 1994 voru 7 eldisstöðvar starfandi með þorskeldi. Í flestum tilfellum er um að ræða tilraunaeldi á undirmálsþorski í kvíaeldi sem veiddur er á línu eða færi. Um 60 tonnum af þorski var slátrað á árinu 1994.
**Lúða**: Á Stað í Grindavík var tilraunum haldið áfram á vegum Hafrannsóknastofnunar með lúðu, þorsk, sandhverfu, ígulker og sæeyru. Hjá Fiskeldi Eyjafjarðar hf. á Hjalteyri voru í gangi tilraunir með klak og frumfóðrun á lúðuseiðum.
**Barri:** Á síðasta ári hóf Mákur hf. tilraunaeldi á hlýsjávarfisknum Barra á Sauðárkróki .
**Sæeyra**: Sæbýli hf. hóf eldi á sæeyra (Red abalone) á árinu 1994 í Vogum á Reykjanesi.

## 5. ATVINNUTÆKIFÆRI Í FISKELDI

Störf í fiskeldi á árinu 1994 svöruðu til 164,5 mannára og er þetta fækkun um 9,5 árstörf frá 1993 en þá var fjöldi ársstarfa í fiskeldi 174. Flest mannár voru unnin í Norðurlandskjördæmi eystra og Reykjaneskjördæmi. (Tafla 2). Hér eru ótalin störf er varða slægingu á fisk, pökkun, reykingu, flutning, fóðurframleiðslu, sölu og þjónustu svo eitthvað sé nefnt sem tengist fiskeldi.

**Tafla 2** Dreyfing mannára í fiskeldi milli kjördæma í landinu og meðalfjöldi mannára í fiskeldisstöð.

| *Kjördæmi* | *Mannár* | *Fjöldi stöðva* | *Meðaltalsfjöldi á stöð* |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 3 | 1,7 |
| Reykjanes | 37,5 | 8 | 4,7 |
| Vesturland | 11 | 13 | 0,8 |
| Vestfirðir | 15,5 | 5 | 3,1 |
| Norðurland vestra | 16 | 4 | 4,0 |
| Norðurland eystra | 45,5 | 11 | 4,1 |
| Austurland | 6 | 5 | 1,5 |
| Suðurland | 28 | 20 | 1,4 |
| Samtals | 164,5 | 69 | 2,2 |

## 6. ELDISRÝMI FISKELDISSTÖÐVA Á ÁRINU 1994

Heildareldisrými fiskeldis- og hafbeitarstöðva sem voru í rekstri á árinu 1994 var samtals 212.168 m$^3$ (Tafla 3). Á þessu ári er ekki gert ráð fyrir aukningu í eldisrými fiskeldisstöðva nema ef vera kann að nýjar stöðvar hefji rekstur. Eldisrými fyrir seiðaeldi er um 20.542 m$^3$. Sé miðað við að framleidd séu 500 seiði á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra um 10,3 milljónir gönguseiða. Eldisrými kvía- og fareldisstöðva er samtals um 61.130 m$^3$ . Miðað við 15 kg framleiðslu á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra um 917 tonn á ári. Eldisrými land- og strandeldisstöðva í áframeldi, er samtals 121.508 m$^3$. Ef miðað er við 25 kg á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra um 3.040 tonn á ári. Eldisrými í jarðtjörnum er samtals 8.988 m$^3$ og miðað við 17 kg á rúmmetra þá er framleiðslugeta þeirra um 150 tonn á ári. Heildarframleiðslugeta eldisstöðva af eldisfiski er því um 4.100 tonn en var á árinu 1994 3.390 tonn. Framleiðsla ársins 1994 endurspeglar ekki framleiðslugetu íslenskra fiskeldisstöðva. Góð nýting er á eldisrými og svigrúm er til einhverrar aukningar á framleiðslu næstu árin. Hægt er að auka framleiðslu margra stöðva með því að lagfæra vatnsmál og/eða súrefnisbæta eldisvatn auk annarra sérhæfðra aðgerða.

Tafla 3.

| | Ferskvatns-eldi Rými (m$^3$) | Ísalt-(hálfsalt) eldi Rými (m$^3$) | Sjávar-(fullsalt) eldi Rými (m$^3$) | Samtals Rými (m$^3$) |
|---|---|---|---|---|
| Seiðaeldi | 20.542 m$^3$ | | | 20.542 m$^3$ |
| Land- og strandeldi | 10.829 m$^3$ | 80.970 m$^3$ | 29.709 m$^3$ | 121.508 m$^3$ |
| Kvíaeldi | | 38.300 m$^3$ | 22.830 m$^3$ | 61.130 m$^3$ |
| Jarðtjarnir | 8.988 m$^3$ | | | 8.988 m$^3$ |
| Samtals | 40.359 m$^3$ | 119.270 m$^3$ | 52.539 m$^3$ | 212.168 m$^3$ |

## 7. ÚTFLUTNINGS- OG INNANLANDSSALA Á ELDISAFURÐUM

Á árinu 1994 var útflutningur af laxi og silungi 2.328.707 kg. að verðmæti 849 millj. (Tafla 4) en á árinu 1993 var útflutningur 2.251.381 kg. að verðmæti 810 millj. (Heimild: Hagstofan 1995). Útflutningur af laxi og silungi jókst því um 3,4% á milli ára. Verðmætaaukning útflutnings á árinu 1994 varð um 40,4 millj. (5% aukning) miðað við árið 1993. Á árinu 1994 seldu eldisstöðvar og framleiðsluaðilar (reykhús, fisksalar o.fl.) erlendis rúm 231 tonn af reyktum og flökuðum eldisafurðum (Tafla 4), sem er aukning upp á 42% milli ára. Útflutningsverðmæti lax og silungs á árinu 1994 voru u.þ.b. 50% af heildarútflutningstekjum í landbúnaði og að baki hverju starfi í fiskeldi liggja u.þ.b. **5,2 milljónir** í útflutningstekjur. Á mynd 7 sést útflutningur af laxi og silungi í tonnum ásamt útflutningsverðmætum.

**Tafla 4**

| Tollskrár. nr. | Tollaheiti | Magn (kg) | FOB (Ísl. kr) | Meðalverð |
|---|---|---|---|---|
| 0301-9101 | Silungsseiði (lifandi) | | | |
| 0301-9109 | Silungshrogn | 10 | 600.000 kr | 60.000 kr |
| 0301-9911 | Laxaseiði (lifandi) | | | |
| 0301-9919 | Laxahrogn | | | |
| | Samtals | 10 | 600.000 kr | 60.000 kr |
| | | | | |
| 0302-1101 | Ferskur heill eldissilungur (Bleikja) | 225618 | 85.729.064 kr | 380 kr |
| 0302-1109 | Annar heill ferskur silungur | 4205 | 1.457.210 kr | 347 kr |
| 0302-1201 | Ferskur heill eldisfiskur (eldislax) | 1268245 | 395.740.900 kr | 312 kr |
| 0302-1209 | Annar ferskur heill lax | 84765 | 33.462.319 kr | 395 kr |
| 0302-1900 | Annar ferskur heill laxfiskur (bleikja) | 81874 | 26.474.927 kr | 323 kr |
| 0303-2101 | Heilfrystur eldissilungur | 50895 | 12.159.800 kr | 239 kr |
| 0303-2109 | | | | |
| 0303-2201 | Heilfrystur eldislax | 234134 | 63.758.149 kr | 272 kr |
| 0303-2209 | Annar heilfrystur lax (villtur) | 147665 | 57.934.828 kr | 392 kr |
| 0303-2900 | Heilfryst laxaflök (hafbeitarfiskur) | 14301 | 1.634.648 kr | 114 kr |
| 0304-1031 | Fersk laxaflök | 37708 | 13.551.838 kr | 359 kr |
| 0304-1032 | Fersk silungsflök | 16914 | 11.098.039 kr | 656 kr |
| 0304-2034 | Laxaflök í blokk | 4660 | 5.812.742 kr | 1.247 kr |
| 0304-2035 | Ófryst laxaflök | 10646 | 3.169.155 kr | 298 kr |
| 0304-2036 | Silungsflök í blokk (regnbogi) | 20604 | 4.597.319 kr | 223 kr |
| 0304-2037 | Önnur landfryst silungsflök (Bleikja) | 14885 | 11.361.650 kr | 763 kr |
| 0305-4100 | Reyktur lax | 111515 | 120.848.711 kr | 1.084 kr |
| 0305-4901 | Reyktur silungur | 73 | 69.684 kr | 955 kr |
| | Samtals | 2328707 | 848.860.983 kr | 365 kr |




Mynd 7. Útflutningur af laxi og silungi í tonnum síðustu 8 árin og útflutningstekjur í milljónum.

Meðalverð á útfluttum eldisafurðum hefur haldist svipað milli ára. Miðað við uppgefnar tölur Hagstofunnar og sláturtölur eldisstöðva má gera ráð fyrir að innanlandssala sé 839 tonn af

óslægðum eldisafurðum á árinu 1994. Við útreikning á innanlandsverðmætum er reiknað með meðalverði af óslægðum laxi og silungi á 316 kr/kg. Áætluð innanlandsverðmæti af óslægðum eldisfiski er því um 265,1 milljónir á árinu 1994. Á árinu 1994 seldu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar til fiskræktar seiði að verðmæti 34,5 milljónir. Heildarverðmæti seldra afurða frá fiskeldis- og hafbeitarstöðvum (útflutningur, innanlandssala ásamt seiðasölu til fiskræktar ) er 1.150 milljónir á árinu 1994.

## 8. BIRGÐIR AF LIFANDI FISKI

Út frá hrognamagni og smáseiðum í eldisstöðvum má áætla að framleiðsla seiðaeldisstöðva á laxaseiðum verði eitthvað minni á árinu 1995 en árið 1994. Aukning er hins vegar í framleiðslu af silungsseiðum á árinu 1995. Í töflum 5 og 6 má sjá sameiginlega birgðastöðu (fjöldi fiska í stk.) í fiskeldis- og hafbeitarstöðvum um áramótin 1994-1995. Birgðastaða af eldisfiski í áframeldi um áramótin 1994-1995 er svipuð af laxi og hún var um áramótin 1993-1994 (Tafla 7), en birgðastaða af silungi (seiðum) hefur aukist til muna milli ára (Tafla 5).

**Tafla 5** Birgðir af laxi og silungsseiðum (í stk) í eldisstöðvum um áramótin 1994-1995

| Tegund\Stærð | < 5 gr. | 5-25 gr. | 25-100 gr. | > 100 gr. |
|---|---|---|---|---|
| Lax | 155 þús. | 1.016 þús. | 4.856 þús. | 150 þús. |
| Regnbogas. | | 585 þús. | 163 þús. | 16 þús. |
| Bleikja | 357 þús. | 544 þús. | 644 þús. | 210 þús. |
| Urriði | | | 45 þús. | 1 þús. |
| Samtals | 512 þús. | 2.145 þús. | 5.708 þús. | 377 þús. |

**Tafla 6** Birgðastaða af matfiski í eldisstöðvum (í stk) um áramótin 1994-1995

| Tegund\Stærð | < 1 kg. | 1-2 kg. | 2-3 kg. | > 3 kg. |
|---|---|---|---|---|
| Lax | 987 þús. | 296 þús. | 197 þús. | 113 þús. |
| Regnbogas. | 445 þús. | 153 þús. | | |
| Bleikja | 650 þús. | 81 þús. | | 2 þús. |
| Urriði | 7 þús. | 8 þús. | | |
| Samtals | 2.089 þús. | 538 þús. | 197 þús. | 115 þús. |

# 9. HEILDARFRAMLEIÐSLA FISKELDISSTÖÐVA ÁRIÐ 1994 OG ÁÆTLUÐ FRAMLEIÐSLA AF SLÁTURFISKI Á ÁRINU 1995

Heildarframleiðsla í fiskeldi á árinu 1994 var 3.698 tonn (Tafla 7) en á árinu 1993 var heildarframleiðsla í fiskeldi 3.422 tonn. Heildarframleiðsla í fiskeldi jókst því um 8,1 % á milli árana 1993 og 1994. Heildarframleiðsla hjá laxeldis- og hafbeitarstöðvum á árinu 1994 er fengin með því að:
(Birgðir af lifandi eldisfiski um áramótin 1994-95) - (birgðir af lifandi fiski um áramótin 1993-94) + (heildarmagn af slátruðum (óslægðum) eldisfiski á árinu 1994).

| Tafla 7 | Birgðir af lifandi fisl áramót í tonnur 1994-95 | | 1993-94 | | Magn af óslægðum slátruðum afurðum 1994 | | Heildarframl. af eldisfiski 1994 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hafbeitarlax | ( - ) | - | ( - ) | + | ( 308 tonn ) | = | ( 308 tonn ) |
| Eldislax | ( 1.769 tonn ) | - | ( 1.796 tonn ) | + | ( 2.588 tonn ) | = | ( 2.561 tonn ) |
| Regnbogas. | ( 451 tonn ) | - | ( 167 tonn ) | + | ( 162 tonn ) | = | ( 446 tonn ) |
| Bleikja | ( 330 tonn ) | - | ( 335 tonn ) | + | ( 388 tonn ) | = | ( 383 tonn ) |
| Urriði | ( 11 tonn ) | - | ( 35 tonn ) | + | ( 24 tonn ) | = | ( 0 tonn ) |
| Samtals | ( 2.561 tonn ) | - | ( 2.333 tonn ) | + | ( 3.470 tonn ) | = | ( 3.698 tonn ) |

Sú framleiðsluaukning sem varð í fiskeldi á árinu 1994, má m.a. rekja til vaxandi birgða af lifandi silungi og aukinar slátrunar af laxi í landeldisstöðvum. Fyrirtæki hafa í auknum mæli hafið eldi á silungi en silungseldi er stundað bæði í landeldis- og kvíaeldisstöðum. Framleiðsla í silungseldi hefur aukist mikið síðastliðin ár og hefur framleiðsla af slátruðum silungi aldrei verið meiri en árið 1994 eða um 575 tonn. Framleiðsla af slátruðum hafbeitarlaxi minnkaði úr 496 tonnum 1993 í 308 tonn árið 1994, eða um 38%. Á árinu 1994 var sleppt 3.989 þús. gönguseiðum í hafbeit og áætlað er að sleppa rúmlega 3,6 millj. gönguseiða í hafbeit á árinu 1995. Reiknað er með að hafbeit gefi af sér 599 tonn af laxi á árinu 1995. Til grundvallar útreikningi á endurheimtum á hafbeitarlaxi er gert ráð fyrir 4 % endurheimtum af laxi eftir 1 vetur í sjó með 2,7 kg meðalþyngd, og hins vegar 0,3 % heimtum af laxi eftir 2 vetur í sjó með meðalþyngd 6,2 kg. Í land- og strandeldisstöðvum voru 1.830 tonnum af laxi slátrað á árinu 1994 en út frá birgðastöðu og áætluðu sláturmagni frá eldisstöðum er áætlað að slátra um 1.900 tonnum á árinu 1995. Í kvía- og fareldi var 758 tonnum slátrað af laxi á árinu 1994 en reiknað með að 760 tonnum verði slátrað á árinu 1995 frá kvía- og fareldisstöðvum. Á árinu 1995 er áætlað að eldisstöðvar slátri um 920 tonnum af silungi en 575 tonnum var slátrað á árinu 1994.

# VIÐAUKAR

**VIÐAUKI 1. SKRÁ YFIR ÍSLENSKAR FISKELDISSTÖÐVAR SEM ERU STARFRÆKTAR ÁSAMT STAÐSETNINGU, NÖFNUM STÖÐVARSTJÓRA OG SÍMANÚMERUM Í STÖÐVUM. ELDISSTÖÐVUM ER SKIPT NIÐUR EFTIR KJÖRDÆMUM.**

| ELDISSTÖÐ | STÖÐVARSTJÓRI | STAÐSETNING | MYNDSENDIR | P.BOX | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ELLIÐAÁR | JAKOB HAFSTEIN | ÁRTÚNSBREKKA V/ELLIÐAÁR | | | 110, REYKJAVÍK | 5539960 |
| LAXINN HF | ÓLAFUR SKÚLASON | LAXALÓN | 5872707 | | 110, REYKJAVÍK | 5874550 |
| TILRAUNASTÖÐ KELDNAHOLTI | | KELDNAHOLTI | | | 112, REYKJAVÍK | 5538531 |
| **REYKJANES** | | | | | | |
| FISKELDISFÉLAGIÐ ÍSLANDSLAX HF | TRYGGVI SÆMUNDSSON | STAÐUR | 4268789 | 55 | 240, GRINDAVÍK | 4268788 |
| LAXELDISSTÖÐ RÍKISSINS | ÓLAFUR ÁSMUNDSSON | KOLLAFJÖRÐUR | 5668030 | | 270, MOSFELLSBÆR | 5666380 |
| NJÖRVI HF | GUÐMUNDUR BANG | LYKKJU KJALARNESI | 5667576 | 292 | 270, MOSFELLSBÆR | 5667475 |
| SILUNGUR HF | TRAUSTI OTTAR STEINDÓRSSON | VATNSLEYSUSTRÖND | 4246745 | | 190, VOGAR | 4246716 |
| STOFNFISKUR HF | JÓHANN SIGURBERGSSON | KALMANNSTJÖRN | | | 233, HAFNIR | 4216922 |
| SÆBÝLI HF | ÁSGEIR E. GUÐNASON | VOGUM | | | 190, VOGUM | 4246649 |
| TILRAUNASTÖÐ HAFRANNSÓKNAST. | MATTHÍAS ODDGEIRSSON | STAÐ | 4267832 | 42 | 240, GRINDAVÍK | 4268232 |
| VOGAVÍK | HINRIK GREIPSSON | SUÐURLANDSBRAUT 4 | 5689588 | | 105, REYKJAVÍK | 5679100 |
| **VESTURLAND** | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN EFRA SKARÐI | MAGNÚS ÓLAFSSON | EFRA SKARÐI | | | 311, BORGARNES | 4338917 |
| ELDISSTÖÐIN HVASSAFELLI | GÍSLI ÞORSTEINSSON | HVASSAFELLI | 4350044 | | 311, BORGARNES | 4350044 |
| ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | ÞRÖSTUR HARÐARSSON | KVERNGRJÓT | | | 371, BÚÐARDALUR | 4341520 |
| ELDISSTÖÐIN MIÐHRAUNI | ÞÓRÐUR GUÐMUNDSSON | MIÐHRAUN | 4356675 | | 311, BORGARNES | 4356786 |
| ELDISSTÖÐIN SYÐRI-KNARRARTUNGU | GUNNAR KOLBEINSSON | SYÐRI- KNARRARTUNGU | 4356746 | | 311, BORGARNES | 4356746 |
| ELDISSTÖÐIN ÞVERFELLI | INGA HELGA BJÖRNSDÓTTIR | ÞVERFELLI II | | | 311, BORGARNES | 4351400 |
| FISKELDISSTÖÐIN AUÐLINDIN | MAGNÚS GUÐJÓNSSON | HRÚTSHOLTI II | 4356774 | | 311, BORGARNES | 4356660 |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN HÚSAFELLI | ÓÐINN SIGÞÓRSSON | EINARSNES | 4371667 | | 311, BORGARNES | 4371667 |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN LAXEYRI | ÓÐINN SIGÞÓRSSON | EINARSNES | 4371667 | | 311, BORGARNES | 4371667 |
| HAFBEITARSTÖÐ SILFURLAX | SNORRI JÓSEFSSON | HRAUNSFJÖRÐUR | | | 350, GRUNDARFJÖRÐUR | 8521579 |
| HAFBEITARSTÖÐIN KIRKJUFELLI | HARALDUR MAGNÚSSON | RAUÐALÆK 71 | | | 105, REYKJAVÍK | 5534447 |
| KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | STURLA GUÐBJARNASON | FOSSATÚN | | | 311, BORGARNES | 4351243 |
| LIND | STEINÓLFUR LÁRUSSON | YTRI FAGRIDALUR | | | 371, BÚÐARDALUR | 4341558 |
| **VESTFIRÐIR** | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | DRANGSNES | | | 520, DRANGSNES | 4513218 |
| HÖFÐI SF | BÁRÐUR ÁRNASON | BRUNNAR 16 | | | 450, PATREKSFJÖRÐUR | 4561396 |
| NAUTEYRI HF | JÓHANN GEIRSSON | STIGAHLÍÐ 48 | | | 104, REYKJAVÍK | 5887512 |
| SVEINSEYRARLAX | JÓN BEK | SVEINSEYRI | 4562667 | | 460, TÁLKNAFJÖRÐUR | 4562638 |

| ELDISSTÖÐ | STÖÐVARSTJÓRI | STAÐSETNING | MYNDSENDIR | P.BOX | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VESTFIRÐIR FRH.** | | | | | | |
| ÞÓRSLAX HF | FINNUR PÉTURSSON | GILSEYRI | 4562651 | | 460, TÁLKNAFJÖRÐUR | 4562523 |
| **NORÐURLAND VESTRA** | | | | | | |
| DÝHÓLL HF | SIGURÐUR H. ÞORSTEINSSON | HOLTABRAUT 12 | 4524625 | | 540, BLÖNDUÓS | 4524192 |
| HÓLALAX HF | ÓLAFUR E. GUÐMUNDSSON | HÓLAR | 4535543 | | 551, SAUÐÁRKRÓKUR | 4536603 |
| MÁKUR HF | GUÐMUNDUR ÖRN INGÓLFSSON | SKÓGARGÖTU 10b | | | 551, SAUÐÁRKRÓKUR | 4536446 |
| NORRÆNA SJÓELDIÐ | SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR | LAMBANESREYKJUM | 4671055 | | 570, FLJÓTUM | 4671072 |
| **NORÐURLAND EYSTRA** | | | | | | |
| FISKELDI EYJAFJARÐAR | ÓLAFUR HALLDÓRSSON | GLERÁRGATA 36 | 4627430 | | 600, AKUREYRI | 4612494 |
| FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | GUNNAR L. JÓHANNSSON | HLÍÐ | | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | 4662461 |
| JÖKULL HF | SIGURÐUR STEFÁNSSON | GARÐI I | | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | 4662516 |
| KLAKSTÖÐIN | JÓNAS ÞÓRÐARSON | TRAÐARGERÐI | | | 640, HÚSAVÍK | 4656746 |
| LAXÓS (ÞROTABÚ) | | | | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | |
| NORÐURLAX HF | JÓN HELGI BJÖRNSSON | LAXAMÝRI | 4642250 | | 641, HÚSAVÍK | 4641770 |
| RIFÓS HF | ÓLAFUR JÓNSSON | LÓNI, KELDUHVERFI | 4652191 | | 671, KÓPASKER | 4652190 |
| SILFURSTJARNAN HF | RÓBERT BOULFHER | SANDFELLSHAGA II | 4652318 | | 671, KÓPASKER | 4652319 |
| STRAUMFISKUR HF | JÓN STEFÁNSSON | SVALBARÐSEYRI | 4627766 | | 601, AKUREYRI | 4627766 |
| SVARTHAMAR HF | SVEINBJÖRN MAGNÚSSON | HAUKAMÝRARGILI | | | 640, HÚSAVÍK | 4641480 |
| VÍKURLAX HF | GUNNAR BLÖNDAL | YSTU VÍK | 4612365 | | 601, AKUREYRI | 4627317 |
| **AUSTURLAND** | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN SELDAL | STEFANÍA G. GÍSLADÓTTIR | SELDAL | | | 740, NESKAUPSSTAÐUR | 4771494 |
| ELDISSTÖÐIN ÞRÁNDARSTÖÐUM | STEFÁN JÓHANNSSON | ÞRÁNDARSTÖÐUM | | | 701, EGILSSTAÐIR | 4713846 |
| FISKELDISSTÖÐIN ORMSTÖÐUM | ÁSMUNDUR ÞÓRHALLSSON | ORMSSTAÐIR | | | 701, EGILSSTAÐIR | 4713853 |
| STRANDARLAX HF | SIGFINNUR MIKAELSSON | STRANDARVEGI 29-33 | 4721544 | | 710, SEYÐISFJÖRÐUR | 4721169 |
| **SUÐURLAND** | | | | | | |
| DYRHÓLALAX HF | GUÐNI EINARSSON | ÞÓRISHOLTI | 4871220 | | 871, VÍK | 4871220 |
| ELDISSTÖÐIN ÚTHLÍÐ | VALUR ODDSTEINSSON | ÚTHLÍÐ | | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4871363 |
| FAGRADALSBLEIKJA | JÓNAS ERLENDSSON | FAGRADAL | 4871105 | | 870, VÍK | 4871105 |
| FISKALÓN HF. | HOYBYE CHRISTENSEN | ÞÓRODDSSTÖÐUM | | | 801, SELFOSS | 4834682 |
| FISKELDISSTÖÐIN DJÚPÁ | TRYGGVI SKJALDASON | LÆKJABOTNAR | 4875611 | 96 | 850, HELLU | 4875624 |
| FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | SVEINN SIGURJÓNSSON | FELLSMÚLI | 4876528 | | 801, SELFOSSI | 4876518 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGU | KOLBJÖRN AKERLIE | TUNGU | 4874833 | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4874885 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | SVANUR EINARSSON | TUNGUFELL | | | 801, SELFOSS | 4866723 |

STÖÐVARSTJÓRI STAÐSETNING MYNDSENDIR P.BOX PÓSTFANG SÍMI

| ELDISSTÖÐ | STÖÐVARSTJÓRI | STAÐSETNING | MYNDSENDIR | P.BOX | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SUÐURLAND FRH.** | | | | | | |
| GLÆÐIR HF | BIRGIR ÞÓRISSON | NÝJABÆ | | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4874609 |
| KLAKHÚSIÐ LAUGARBÖKKUM | GUNNAR GUNNARSSON | SELFOSS I | | | 800, SELFOSS | 4821422 |
| KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | ARNAR SIGURÐSSON | YTRA- HRAUNI | | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4874709 |
| KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | SKÚLI JÓNSSON | ÞYKKVABÆ III | | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4874706 |
| MERKISTEINN HF. | SIGURÐUR ÞÓRÐARSON | EYJARLANDI | 4831513 | | 801, SELFOSS | 4861233 |
| NORÐUR HJÁLEGA | BÖÐVAR JÓNSSON | NORÐURHJÁLEGA Í ÁLFTAVERI | | | 880, ÞYKKVABÆJARKL. | 4871386 |
| SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON | SPÓASTAÐIR BISK. | 4868763 | | 801, SELFOSS | 4868863 |
| SILFURLAX AÐ LAUGUM | BRYNJÓLFUR TEITSSON | LANDSSVEIT | 4876666 | | 851, HELLU | 4876517 |
| SILFURLAX AÐ LÆK | JÓHANNES S. SIGURÐSSON | LÆK | | | 801, SELFOSS | 4834757 |
| SILFURLAX AÐ HALLKELSHÓLUM | BJÖRN SNORRASON | GRÍMSNES | 4864413 | | 801, SELFOSS | 4864464 |
| SILFURLAX AÐ NÚPUM | JÓHANNES S. SIGURÐSSON | NÚPAR III | 4834013 | | 801, SELFOSS | 4834720 |
| SILFURSTJARNAN AÐ ÖXNALÆK | STEFÁN ÓLAFSSON | ÖXNALÆKUR | | | 801, SELFOSS | 4834654 |

VIÐAUKI 2. SKRÁ YFIR AÐSETUR SKRIFSTOFU FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVA, FRAMKVÆMDASTJÓRA ÞEIRRA OG SÍMANÚMER.

| FYRIRTÆKI | FRAMKVÆMDASTJÓRI | AÐSETUR SKRIFSTOFU | MYNDSENDIR | P.BOX | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| AUSTFIRÐINGUR HF | SIGTRYGGUR HREGGVIÐSSON | SMIÐJUSTÍGUR 1 | | | 735, ESKIFJÖRÐUR | 4761476 |
| DYRHÓLALAX HF | GUÐNI EINARSSON | ÞÓRISHOLTI | 4871220 | | 871, VÍK | 4871220 |
| DÝHÓLL HF | SIGURÐUR H. ÞORSTEINSSON | HOLTABRAUT 12 | 4524625 | | 540, BLÖNDUÓS | 4524192 |
| ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | DRANGSNES | | | 520, DRANGSNES | 4513218 |
| ELDISSTÖÐIN EFRA SKARÐI | MAGNÚS ÓLAFSSON | EFRA SKARÐI | | | 311, BORGARNES | 4338917 |
| ELDISSTÖÐIN ELLIÐAÁR | JAKOB HAFSTEIN | ÁRTÚNSBREKKA V/ELLIÐAÁR | | | 110, REYKJAVÍK | 5539960 |
| ELDISSTÖÐIN HVASSAFELLI | GÍSLI ÞORSTEINSSON | HVASSAFELLI | 4350044 | | 311, BORGARNES | 4350044 |
| ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | ÞRÖSTUR HARÐARSSON | KVERNGRJÓT | | | 371, BÚÐARDALUR | 4341520 |
| ELDISSTÖÐIN MIÐHRAUNI | BYNDÍS H. GUÐMUNDSDÓTTIR | MIÐHRAUNI | 4356675 | | 311, BORGARNES | 4356786 |
| ELDISSTÖÐIN SELDAL | STEFANÍA G. GÍSLADÓTTIR | SELDAL | | | 740, NESKAUPSSTAÐUR | 4771494 |
| ELDISSTÖÐIN SYÐRI-KNARRARTÚNGU | GUNNAR KOLBEINSSON | SYÐRI-KNARRARTUNGU | 4356746 | | 311, BORGARNES | 4356746 |
| ELDISSTÖÐIN ÚTHLÍÐ | VALUR ODDSTEINSSON | ÚTHLÍÐ | | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4871363 |
| ELDISSTÖÐIN ÞRÁNDARSTÖÐUM | STEFÁN H. JÓHANNSSON | ÞRÁNDARSTÖÐUM | | | 701, EGILSSTAÐIR | 4713846 |
| ELDISSTÖÐIN ÞVERFELLI | INGA HELGA BJÖRNSDÓTTIR | ÞVERFELLI II | | | 311, BORGARNES | 4351400 |
| FAGRADALSBLEIKJA | JÓNAS ERLENDSSON | FAGRADAL | 4871105 | | 870, VÍK | 4871105 |
| FISKALÓN HF. | HOYBYE CHRISTENSEN | ÞÓRODDSSTÖÐUM | | | 801, SELFOSS | 4834682 |
| FISKELDI EYJAFJARÐAR | ÓLAFUR HALLDÓRSSON | GLERÁRGATA 36 | 4627430 | | 600, AKUREYRI | 4612494 |
| FISKELDISFÉLAGIÐ ÍSLANDSLAX HF | ÓLAFUR WERNERSSON | STAÐUR | 4268789 | 55 | 240, GRINDAVÍK | 4268788 |
| FISKELDISSTÖÐIN AUÐLINDIN | MAGNÚS GUÐJÓNSSON | HRÚTSHOLTI II | 4356774 | | 311, BORGARNES | 4356660 |
| FISKELDISSTÖÐIN DJÚPÁ | TRYGGVI SKJALDASON | LÆKJABOTNAR | 4875611 | 96 | 850, HELLU | 4875624 |
| FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | HRÓLFUR ÖLVERSSON | BUGÐULÆKUR 3 | | | 104, REYKJAVÍK | 5687905 |
| FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | GUNNAR L. JÓHANNSSON | HLÍÐ | | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | 4662461 |
| FISKELDISSTÖÐIN ORMSTÖÐUM | ÁSMUNDUR ÞÓRHALLSSON | ORMSSTAÐIR | | | 701, EGILSSTAÐIR | 4713853 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGU | HANNA HJARTARDÓTTIR | KLAUSTURVEGUR 4 | 4874833 | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4874633 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | SVANUR EINARSSON | TUNGUFELL | | | 801, SELFOSS | 4866723 |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN HÚSAFELLI | ÓÐINN SIGÞÓRSSON | EINARSNES | 4371667 | | 311, BORGARNES | 4371667 |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN LAXEYRI | ÓÐINN SIGÞÓRSSON | EINARSNES | 4371667 | | 311, BORGARNES | 4371667 |
| GLÆÐIR HF. | BIRGIR ÞÓRISSON | KLAUSTURVEGUR 4 | | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4874609 |
| HAFBEITARSTÖÐIN KIRKJUFELLI | HARALDUR MAGNÚSSON | RAUÐALÆK 71 | | | 105, REYKJAVÍK | 5534447 |
| HÓLALAX HF | PÉTUR BRYNJÓLFSSON | GRUNNSKÓLINN HÓLUM | 4535543 | | 551, SAUÐÁRKRÓKUR | 4536601 |
| HÖFÐI SF | BÁRÐUR ÁRNASON | BRUNNAR 16 | | | 450, PATREKSFJÖRÐUR | 4561396 |
| JÖKULL HF | ÞORBJÖRN SIGURÐSSON | ÆGISGATA 22 | | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | 4662414 |
| KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | GUNNAR GUNNARSSON | | | | 800, SELFOSS | |
| KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | ARNAR SIGURÐSSON | YTRA- HRAUNI | | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4874709 |
| KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | EINAR BJARNASON | ÞYKKVABÆ III | | | 880, KIRKJUBÆJARKL. | 4874704 |
| KLAKSTÖÐIN | JÓNAS ÞÓRÐARSON | TRAÐARGERÐI | | | 640, HÚSAVÍK | 4656746 |
| KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | STURLA GUÐBJARNASON | FOSSATÚN | | | 311, BORGARNES | 4351243 |
| LAXELDISSTÖÐ RÍKISSINS | VIGFÚS JÓHANNSSON | LAUGARVEGUR 103 | 5528401 | 5166 | 125, REYKJAVÍK | 5528400 |
| LAXINN HF | ÓLAFUR SKÚLASON | LAXALÓN | 5872707 | | 110, REYKJAVÍK | 5874550 |

| FYRIRTÆKI | FRAMKVÆMDASTJÓRI | AÐSETUR SKRIFSTOFU | MYNDSENDIR | P.BOX | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| LAXÓS (ÞROTABÚ) | | | | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | |
| LIND | STEINÓLFUR LÁRUSSON | YTRI FAGRIDALUR | | | 371, BÚÐARDALUR | 4341558 |
| MÁKUR HF | GUÐMUNDUR ÖRN INGÓLFSSON | SKÓGARGÖTU 10b | | | 551, SAUÐÁRKRÓKUR | 4536446 |
| MERKISTEINN HF. | HELGI GUÐMUNDSSON | MERKISTEINN | 4831513 | | 820, EYRARBAKKI | 4831512 |
| NAUTEYRI HF | JÓHANN GEIRSSON | STIGAHLÍÐ 48 | | | 104, REYKJAVÍK | 5887512 |
| NJÖRVI HF | BJÖRN BALDVINSSON | LYKKJU KJALARNESI | 5667576 | 292 | 270, MOSFELLSBÆ | 5667475 |
| NORRÆNA SJÓELDIÐ | JIM ROGER NOROLY | TRYGGVAGATA 26 | 5523349 | | 101, REYKJAVÍK | 5523310 |
| NORÐUR HJÁLEGA | BÖÐVAR JÓNSSON | NORÐURHJÁLEGA Í ÁLFTAVERI | | | 880, ÞYKKVABÆJARKL. | 4871386 |
| NORÐURLAX HF | BJÖRN G. JÓNSSON | LAXAMÝRI | 4642250 | | 641, HÚSAVÍK | 4641819 |
| RIFÓS HF | ÓLAFUR JÓNSSON | LÓNI, KELDUHVERFI | 4652191 | | 671, KÓPASKER | 4652190 |
| SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON | SPÓASTAÐIR BISK. | 4868763 | | 801, SELFOSS | 4868863 |
| SILFURLAX HF | JÚLÍUS B. KRISTINSSON | PÓSTHÚSSTRÆTI 3 | 5626170 | | 101, REYKJAVÍK | 5626111 |
| SILFURSTJARNAN HF | BENEDIKT KRISTJÁNSSON | NÚPSMÝRI | 4652318 | | 671, KÓPASKER | 4652319 |
| SILUNGUR HF | JÓNATAN ÞÓRÐARSSON | VATNSLEYSUSTRÖND | 4246745 | | 190, VOGAR | 4246716 |
| STOFNFISKUR HF | VIGFÚS JÓHANNSSON | LAUGARVEGUR 103 | 5528401 | 5166 | 125, REYKJAVÍK | 5528400 |
| STRANDARLAX HF | SIGFINNUR MIKAELSSON | STRANDARVEGI 29-33 | 4721544 | | 710, SEYÐISFJÖRÐUR | 4721169 |
| STRAUMFISKUR HF | JÓN STEFÁNSSON | SVALBARÐSEYRI | 4627766 | | 601, AKUREYRI | 4627766 |
| SVARTHAMAR HF | ÞORVALDUR V. MAGNÚSSON | HAUKAMÝRARGILI | 4641444 | | 640, HÚSAVÍK | 4641480 |
| SVEINSEYRARLAX | HANNES BJARNASON | SVEINSEYRI | 4562287 | | 465, BÍLDUDALUR | 4562288 |
| SÆBÝLI HF | AGNAR STEINARSSON | VOGAVÍK | 4246722 | | 190, VOGAR | 4246649 |
| TILRAUNASTÖÐ HAFRANNSÓKNAST. | JAKOB JAKOBSSON | SKÚLAGÖTU 4 | | | 101, REYKJAVÍK | 5520240 |
| TILRAUNASTÖÐ KELDNAHOLTI | ÓLAFUR GUÐMUNDSSON | KELDNAHOLTI | | | 112, REYKJAVÍK | 5812230 |
| VÍKURLAX | GUNNAR BLÖNDAL | YSTU-VÍK | 4612365 | | 601, AKUREYRI | 4612365 |
| VOGAVÍK | HINRIK GREIPSSON | SUÐURLANDSBRAUT 4 | 5689588 | | 105, REYKJAVÍK | 5679100 |
| ÞÓRSLAX (ÞROTABÚ) | HILMAR JÓNSSON | EYRARSPARISJÓÐUR PATREKSF. | | | PATREKSFJÖRÐUR | 4561151 |

VIÐAUKI 3. SKRÁ YFIR TEGUNDIR OG ELDISAÐFERÐIR Í ÍSLENSKUM ELDISSTÖÐVUM SEM STARFRÆKTAR VORU Á ÁRINU 1994.

| FYRIRTÆKI | Matfiskeldi | | | | Seiðaeldi | | | | Hafbeit | Klakhús | | | Seiða og matfiskeldi | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lax | Bleikja | Regnb. | Urriði | Lax | Bleikja | Regnb. | Urriði | | La | Bl | Urr | Þorskur | Lúða | Barri | Sæeyra |
| AUSTFIRÐINGUR HF | K | | | | | | | | | | | | | | | |
| DYRHÓLALAX HF | | L | | L | S | S | | | H | | | | | | | |
| DÝHÓLL | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | | J | | | | S | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN EFRA SKARÐI | | J | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ELLIÐAÁR | | | | | S | | | | | X | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN HVASSAFELLI | | J | | | | S | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | | | L | | S | | | | | X | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN MIÐHRAUNI | | J | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN NÝJABÆ | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ORMSSTÖÐUM | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN SELDAL | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN S-KNARRARTUNGU | | J | | | | S | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÚTHLÍÐ | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÞRÁNDARSTÖÐUM | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÞVERFELLI | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| FAGRADALSBLEIKJA | L | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| FISKALÓN HF | | | | | | S+J | S+J | | | | | | | | | |
| FISKELDI HF | | | | | | | | | | | | | K | | | |
| FISKELDI EYJAFJARÐAR HF | | | | | | | | | | | | | | L+S | | |
| FISKELDISSTÖÐIN AUÐLINDIN | | J+L | | | | | | | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN DJÚPÁ | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | | L | | | S | S | | S | H | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGU | | L | | | S | S | | | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | | L | | | S | | | S | | | | | | | | |
| FISKELDISFÉLAGIÐ ÍSLANDSLAX HF. | L | | | | S | | | | | | | | | | | |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN HÚSAFELLI | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN LAXEYRI | | | | | S | S | | S | | | | | | | | |
| HAFBEITARSTÖÐIN KIRKJUFELLI | | | | | | | | | H | | | | | | | |
| HÓLALAX HF | | L | | | S | S | | S | | | | | | | | |
| HÖFÐI SF. | | L | | | | | | | | | | | | | | |

| FYRIRTÆKI | Matfiskeldi | | | | Seiðaeldi | | | | Hafbeit | Klakhús | | | Seiða og matfiskeldi | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lax | Bleikja | Regnb. | Urriði | Lax | Bleikja | Regnb. | Urriði | | La | Bl | Urr | Þorskur | Lúða | Barri | Sæeyra |
| JÖKULL HF | L | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | | | | | | | | | | X | | | | | | |
| KLAKHÚSIÐ YTRA HRAUNI | | | | | | | | | | | | X | | | | |
| KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| KLAKSTÖÐIN HF | | | | | | S | | | | | | | | | | |
| LAXELDISSTÖÐ RÍKISSINS | | L | L+J | | S | S | S | | H | | | | | | | |
| LAXINN HF | | J+L | J+L | | | S | S | | | | | | | | | |
| LAXÓS HF | | | | | | | | | H | | | | | | | |
| LÁTRAVÍK HF | | | | | | | | | H | | | | | | | |
| LIND | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| MÁKUR HF | | | | | | | | | | | | | | | S | S |
| MERKISTEINN HF | | L | L | L | | S | S | S | | | | | | | | |
| NAUTEYRI HF | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| NJÖRFI HF | K | | L | | S | | S | | | | | | | | | |
| NORÐURHJÁLEGA | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| NORÐURLAX HF | | | | | S | | | S | | X | | | | | | |
| NORRÆNA SJÓELDIÐ HF | L | | | | S | | | | | | | | | | | |
| RIFÓS HF | K | K | | | S | | | | | | | | | | | |
| SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | | L | | | S | S | | | | | | | | | | |
| SILFURLAX HF HALLKELSHÓLUM | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SILFURLAX HF HRAUNSFIRÐI | | | | | K | | | | H | | | | | | | |
| SILFURLAX HF LAUGUM | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SILFURLAX HF LÆK | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SILFURLAX HF NÚPUM | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SILFURSTJARNAN HF | L | L | | | S | S | | | | | | | | | | |
| SILUNGUR HF | | L | L | | | | | | | | | | | | | |
| STOFNFISKUR HF | L | | L | | | | | | | | | | | | | |
| STRANDARLAX HF | K | | | | | | | | | | | | | | | |
| STRAUMFISKUR | L | L | | | S | | | | | | | | | | | |
| SVARTHAMAR HF | | L | | | S | S | | | | | | | | | | |
| SVEINSEYRARLAX | L | | | | S | S | | | | | | | | | | |
| SÆBÝLI HF | | | | | | | | | | | | | | | | S |
| TILR. STÖÐ HAFRANNSÓKNARSTOFN. | | | | | | | | | | | | | L | L | | S |

| FYRIRTÆKI | Matfiskeldi | | | | Seiðaeldi | | | | Hafbeit | Klakhús | | | Seiða og matfiskeldi | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lax | Bleikja | Regnb. | Urriði | Lax | Bleikja | Regnb. | Urriði | | La | Bl | Urr | Þorskur | Lúða | Barri | Sæeyra |
| TILR. STÖÐ KELDNAHOLTI (RALA) | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| VÍKURLAX HF | K+L | J+L | | | | | | | | | | | | | | |
| VOGAVÍK | | | | | | | | | H | | | | | | | |
| ÞORSKUR HF | | | | | | | | | | | | | K | | | |
| ÞÓRSLAX HF | K+L | L | K+L | K+L | S | S | S | S | | | | | | | | |
| ÖXNALÆKUR HF | | | | | S | S | | | | | | | | | | |

| | |
|---|---|
| L = Land - og strandeldi | S = Seiðaeldi í kerjum |
| K = Kvía- og fareldi | H = Hafbeitarstöð |
| J = Jarðtjarnir | |